



**Heimili og skóli**  
Landssamtök foreldra



**FÉLAG NÁMS- &  
STARFSRÁÐGJafa**

*Til foreldra og forráðamanna  
nemenda í grunn- og framhaldsskólum*

*Reykjavík 8. maí 2009*

**Efni: Ný lög um náms- og starfsráðgjafa**

*Með þessu bréfi vilja Heimili og skóli og Félag náms- og starfsráðgjafa (FNS) vekja athygli á nýsamþykktum lögum um náms- og starfsráðgjafa (<http://www.althingi.is/altext/136/s/0847.html>). Samkvæmt þeim hefur sá einn rétt til að kalla sig náms- og starfsráðgjafa og starfa sem slíkur sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra. Leyfi skal veita þeim sem lokið hefur námi í náms- og starfsráðgjöf frá háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu menntamálaráðherra samkvæmt lögum nr. 63/2006.*

*Menntamálaráðherra er heimilt að veita þeim sem eru í starfi þegar lög þessi öðlast gildi leyfi enda þótt þeir uppfylli ekki menntunarskilyrði. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar matsnefndar.*

*Við gildistöku laga þessara urðu eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:*

- 1. Lög um grunnskóla, nr. 91/2008:
  - a. 2. mgr. 11. gr. orðast svo:  
Um skilyrði þess að hljóta ráðningu sem skólastjóri, kennari eða náms- og starfsráðgjafi í grunnskóla fer samkvæmt gildandi lögum þar um.*
  - b. 3. mgr. 13. gr. orðast svo:  
Nemendur eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafa í grunnskóla af aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa.**
- 2. Lög um framhaldsskóla, nr. 92/2008:
  - a. 3. mgr. 8. gr. orðast svo:  
Um skilyrði þess að vera ráðinn skólameistari, kennari eða náms- og starfsráðgjafi við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum gildandi laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og laga um náms- og starfsráðgjafa.*
  - b. Orðin „náms- og starfsráðgjafa“ í 1. málsl. 5. mgr. 8. gr. falla brott.*
  - c. 1. mgr. 37. gr. orðast svo:  
Nemendur eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskóla af aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa.**

*Heimili og skóli og fagstétt náms- og starfsráðgjafa eru þess fullviss að lögverndun starfsheitisins mun efla enn frekar gæði og metnað í störfum náms- og starfsráðgjafa í landinu, nemendum okkar til heilla.*

**Virðingarfyllst,**

**f. h. Heimilis og skóla**

**Björk Einisdóttir**  
**framkvæmdastjóri**

**f.h. Félags náms- og starfsráðgjafa**

**Ágústa E. Ingpórsdóttir**  
**formaður FNS 2006-2009**